

Erindisbréf gæðanefndar háskólaráðs

Samþykkt 14. júní 2011, endurskoðun samþykkt í háskólaráði 1. júní 2017

Gæðanefnd er ein af starfsnefndum háskólaráðs. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja og efla gæði náms og kennslu, rannsókna og stjórnunar við Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að styrkja formlegt gæðakerfi Háskóla Íslands og efla gæðamenningu innan hans. Gæðakerfi Háskóla Íslands miðar að því að mæta væntingum og þörfum nemenda, starfsmanna, atvinnulífs og hins alþjóðlega vísindasamfélags.

Helstu verkefni gæðanefndar eru:

- Að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands;
- að fylgja eftir þeim þáttum *Stefnu Háskóla Íslands á hverjum tíma* er lúta að gæðakerfi skólans og gæðum starfseminnar;
- að fylgjast með og taka mið af alþjóðlegri þróun og stefnumörkun á sviði gæðamála í háskólastarfi, s.s. á vettvangi EUA (European University Association), ENQA (European Association for Quality Assurance in Higher Education) og í tengslum við Bologna-ferlið;
- að hafa yfirumsjón með framkvæmd Rammaáætlunar um eflingu gæða í háskólastarfi á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF) innan Háskóla Íslands, þ.m.t. að skipuleggja innra mat, stýra framkvæmd matsins, fara yfir niðurstöður þess og gera tillögur til háskólaráðs um viðbrögð og úrbætur eftir því sem ástæða er til;
- að leggja faglegt mat og taka afstöðu til umsókna deilda um að bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum við deildirnar;
- að beita sér fyrir því að fram fari sjálfstætt innra og ytra gæðamat á Háskóla Íslands í heild, faglegum og skipulagslegum einingum og stjórnsýslu hans, eftir því sem ástæða er til. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur;
- að hafa umsjón með rafrænni gæðahandbók Háskóla Íslands;
- að beita sér fyrir umræðu, þekkingu og vitund um gæðamál og stuðla með því að aukinni gæðamenningu innan og utan Háskóla Íslands;
- að vera rektor, háskólaráði, háskólaþingi, fræðasviðum deildum, öðrum starfsnefndum, forstöðumönnum og sviðsstjórum til ráðuneytis um hvaðeina sem lýtur að gæðamálum Háskólans;
- að sinna öðrum þeim verkefnum sem rektor, háskólaráð eða háskólafundur kunna að fela nefndinni.

Gæðanefnd starfar náið með öðrum aðilum er koma að sameiginlegum gæðamálum Háskóla Íslands, s.s. kennslumálanefnd, vísindanefnd, miðlægrri stjórnsýslu og stjórnsýslu fræðasviða og þeim þjónustueiningum sem undir hana heyra.

Gæðanefnd skal funda a.m.k. einu sinni í mánuði og gerir formaður hennar rektor og háskólaráði reglulega grein fyrir starfi nefndarinnar.

Í gæðanefnd sitja 6 manns, þ. á m. er einn fulltrúi stúdenta, og er nefndin skipuð af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Við skipun nefndarinnar skal gætt að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Gæðastjóri situr fundi gæðanefndar, er ritari hennar og heldur utan um starf hennar á milli funda í samráði við formann. Skipunartími nefndarinnar er til þriggja ára.